



ÍSAFJARDARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Eyrarkláfur ehf
Kt. 580707-1490
Seljalandsveg 20
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 24. Apríl 2020

2019070011

Efni: Kláfur upp Eyrarhlíð

Vísað er til fyrilliggjandi áætlana Eyrarkláfs ehf. um uppbyggingu kláfs upp Eyrarhlíð og veitingastað á toppi fjallsins.

Ísafjarðarbær telur áform Eyrarkláfs („framkvæmdaraðili“) um fyrirhugaða framkvæmd jákvæð fyrir bæjarfélagið. Gæti umræddur kláfur ásamt veitingastað aukið aðsókn ferðamanna í bæjarféluginu. Í samræmi við bókun bæjarstjórnar frá 454. fundi sem haldinn var 02.04. 2020 samþykkti bæjarstjórn heimild fyrir framkvæmdaraðila að hefja vinnu við tillögur að breytingum á aðalskipulagi og deiliskipulagi. Hefur framkvæmdaraðili þannig fengið heimild Ísafjarðarbæjar til að hefja gerð tillagna.

Þó vilja bæjaryfirvöld gera eftirfarandi fyrirvara í tengslum við framkvæmdirnar:

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ áréttu í bréfi þessu að þau muni ekki hafa fjárhagslega aðkomu að þessum framkvæmdum, a.m.k. ekki að svo stöddu. Enn fremur ber að áréttu að Ísafjarðarbær hyggst ekki aðstoða framkvæmidaraðila við öflun tilskilinna leyfa vegna framkvæmdanna nema í samræmi við hlutverk sveitarfélagsins, lögum samkvæmt.

Framkvæmdirnar sem um ræðir eru umfangsmiklar og þarf byggingarleyfi fyrir þeim samkvæmt ákvæðum laga nr. 160/2010 um mannvirki og byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Meðal skilyrða fyrir útgáfu byggingarleyfis er að mannvirkid samræmist skipulagsáætlunum á svæðinu, sbr. 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um mannvirki. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmd sem þessari í aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Ísafjarðarbær vill því áréttu að gera þyrfti breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi áður en hægt væri að hefja framkvæmdir sem ekki samræmast þeim. Þyrfti framkvæmdaraðili að hafa frumkvæði að sækja um slíkar breytingar í samræmi við gildandi lög og reglur. Vakin er athygli á að allar breytingar á skipulagi eru á kostnað framkvæmdaraðila.

Enn fremur er samkvæmt 5. mgr. 13. gr. laga um mannvirki óheimilt að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirki sem fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld. Uppbygging kláfs er framkvæmd í flokki B sbr. lið 10.20 í 1. viðauka við um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. gr. laganna eru slíkar framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Skal framkvæmdaraðili tilkynna Skipulagsstofnun um slíkar framkvæmdir, sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Ísafjarðarbær mun ekki hafa aðra aðkomu að málsmeðferð fyrir Skipulagsstofnun, en lög mæla fyrir um.

